



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Mánudaginn 29. janúar 2018 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Steindór R. Haraldsson, Inga Rós Sævarsdóttir og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Gjaldskrá sveitarfélagsins 2018

Fyrir fundinum lá tillaga að gjaldskrá sveitarfélagsins og stofnana sem sveitarstjóri kynnti. Sveitarstjórn ræddi gjaldskrána og gerði tillögur að nokkrum breytingum en samþykkti síðan gjaldskrána með áorðnum breytingum.

2. Grunnskólinn – skýrsla skólastjóra

Vera Ósk Valgarðsdóttir skólastjóri og Guðjón Sigurðsson aðstoðarskólastjóri mættu á fundinn og fóru yfir helstu þætti í skólastarfi grunnskólans. Rætt var um skólastarfið almennt, starfsmannahald, nám og kennslu.

3. Starfsmannahald

Fyrir fundinum lá minnisblað sveitarstjóra um starfsmannahald við íþróttahús og sundlaug þar sem er lagt til að einu stöðugildi verði bætt við vegna aukins opnunartíma sundlaugar. Í tillögunni er gert ráð fyrir að þrír starfsmenn gangi vaktir á báðum stöðum.

Sveitarstjórn ræddi tillöguna og samþykkti að fela sveitarstjór að auglýsa eitt starf í íþróttahúsi og sundlaug.

4. Uppgjör við Brú lífeyrissjóð

Fyrir fundinum lá minnisblað sveitarstjóra þar sem er skýrð krafa frá Brú lífeyrissjóði um að sveitarfélagið greiði 29.793.538 kr. vegna breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Fyrir fundinum lá einnig Samkomulag um uppgjör milli Brúar lífeyrissjóðs og Sveitarfélagsins Skagastrandar þar sem ítarlega er gerð grein fyrir lífeyrisskuldbindingunni.

Svohljóðandi bókun var samþykkt:

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir með 5 samhljóða atkvæðum fyrirleggjandi kröfu frá Brú lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga sem er tilkomið vegna samkomulags aðila vinnumarkaðarins á breytingum á lífeyrissjóðakerfinu, á A-deildum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, sbr. breytingar á lögum nr. 1/1997 með lögum nr. 127/2016 og breytingum á samþykktum Brúar lífeyrissjóðs frá 8. maí 2017 sbr. staðfestingu fjármála- og efnahagsráðherra frá 1. júní 2017. Heildarskuldbinding Sveitarfélagsins Skagastrandar samkvæmt samkomulaginu er að fjárhæð kr. 29.793.538, sem skiptist þannig að framlag í jafnvægisjóð er kr. 7.403.121, framlag í lífeyrisaukasjóð er kr. 20.515.566 og framlag í varúðarsjóð er kr. 2.174.851. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að krafa lífeyrissjóðsins verði greidd af handbæru fé sveitarfélagsins.



Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ganga frá uppgjöri vegna kröfu Brúar lífeyrissjóðs og að undirrita samkomulag við lífeyrissjóðinn um uppgjörið.

5. Persónuvernd

Fyrir fundinum lá kynning frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga á nýjum persónuverndarreglum sem sveitarfélögum er skylt að taka upp og móta verkferla fyrir.

Fram kom að SSNV hefur verið að kynna sér umræddar reglur og var sveitarstjóra falið að vinna áfram með málið.

6. Byggðasamlag um menningu og atvinnumál

a. Fundargerð stjórnar byggðasamlagsins, 4.12.2017

Fundargerðin var til kynningar

b. Fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2018

Fjárhagsáætlunin var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við hana.

7. Bréf

c. Mannvirkjastofnunar, 3. janúar 2018

Með bréfinu eru ítrekuð tilmæli um að sveitarfélagið setji sér brunavarnaráætlun sem fyrst og gefin 10 daga frestur til viðbragða.

Fyrir fundinum lá einnig svarbréf sveitarstjóra þar sem óskað er eftir fresti til 1. maí til að verða við tilmælum Mannvirkjastofnunar

Bréfin voru til kynningar.

a. Sambands ísl. sveitarfélaga, 16. janúar 2018

Efni bréfsins er skýrsla sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins á haustfundi 2017. Í skýrslunni er m.a. bent á að stórum hluta opinberra útgjalda sé ráðstafað í gegnum opinber innkaup til einkaaðila og félagasamtaka og það verði að vera á varðbergi gagnvart ráðstöfunar fjármuna með þeim hætt.

Bréfið var til kynningar.

b. Minnisblað Sambands ísl. sveitarfél. 16. janúar 2018

Í bréfinu sem er stílað til velferðarnefndar Alþingis en sent sveitarstjórnnum til kynningar er fjallað um frumvörp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga 26. og 27. mál á 148. lþ.

Bréfið var til kynningar.

c. Sambands ísl. sveitafélaga, 22. janúar 2018

Í bréfinu sem er stílað til Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins en sent sveitarstjórnnum til kynningar er veitt umsögn um drög að frumvarpi til laga um lögheimili og aðsetur.

Bréfið var til kynningar.

d. Kristjáns Jónassonar, KPMG, 24. janúar 2018

Með bréfinu sem sent var sem tölvubréf gerir Kristján grein fyrir uppgjöri Róta bs. Þar kemur fram að staðan á bankareikningi Róta bs er í dag 37.281.055 kr., sama fjárhæð er færð sem



skuld við sveitarfélögin og félagsþjónustusvæðin. Varðandi uppgjör við sveitarfélög í A-Hún kemur fram að Rætur bs. þurfi að greiða Félagspj. A-Hún 4.767.983 kr. eftir að skuldajafnað hefur verið við aðildarsveitarfélög Félags og skólaþjónustu sem sundurliðast þannig:

- Húnavatnshreppur - 863.709 kr.
- Blönduósþéttbær - 2.127.853 kr.
- Skagabyggð - 360.294 kr.
- Svf. Skagaströnd - 932.631 kr.
- Félagspj. A-Hún 9.052.470 kr.
- Samtals 4.767.983 kr.

Auk samantektar um uppgjörið lágu drög að ársreikningi 2017 fyrir fundinum. Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi gögn og samþykkti fyrir sitt leyti að kostnaðarskipting yrði með þeim hætti sem endurskoðandi Róta bs. leggur til.

8. Fundargerðir:

d. Sameiningarnefndar A-Hún 10.01.2018

Fundargerðin var til kynningar

e. Stjórnar SSVN. 9.01.2018

Fundargerðin var til kynningar

f. Stjórnar Hafnasambands Íslands, 22.01.2018

Fundargerðin var til kynningar

g. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 15.12.2017

Fundargerðin var til kynningar

9. Önnur mál

Umræður urðu um atvinnumál og stöðu samfélagsins yfirleitt. Miklar umræður urðu og skoðanaskipti um stöðu, horfur og framtíðarsýn.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 12.00

Adolf H. Berndsen

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson